

268. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 17. desember 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
 Kristín Björg Árnadóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:

- 1) Bréf frá Sorpurðun Vesturlands, dags. 23. nóvember 2015, varðandi hækken gjaldskrár frá 1. janúar 2016
 Lagt fram til kynningar.
- 2) Bréf frá Menntamálastofnun, dags. 2. des. 2015, varðandi læsisteymi Menntamálastofnunar.
 Lagt fram til kynningar.
- 3) Bréf frá SSV, dags. 11. desember 2015, varðandi endurskoðun á samningi um sameiginleg þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra.
 Bæjarráð Snæfellsbæjar telur mikilvægt að aðildarsveitarfélögin ræði saman varðandi framhald mála áður en endanleg ákvörðum um nýjan samning verður tekin. Lagt er til að Samband sveitarfélaga á Vesturlandi boði slíkan fund við fyrsta hentugleika.
 Bæjarráð Snæfellsbæjar telur að sérstaklega þurfi að skoða hvort ekki sé heppilegt að þjónustusvæðið verði brotið upp og í stað þess að hafa eitt sameiginlegt þjónustusvæði verði þau fleiri, til að mynda verði Snæfellsnes hugsanlega eitt þjónustusvæði.
- 4) Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 11. desember 2015, varðandi ábendingu um skjalastjórn og skjalavörslu.
 Lagt fram til kynningar.
- 5) Bréf frá Mannvirkjastofnun, dags. 10. des. 2015, varðandi brunavarnaáætlun sveitarfélagsins.
 Verið er að vinna brunavarnaáætlun Snæfellsbæjar og er hún langt komin.
- 6) Bréf frá bæjarritara, dags. 16. desember 2015, varðandi aukafjárveitingu vegna launa á leikskóla Snæfellsbæjar. Áður tekið fyrir á bæjarstjórnarfundi í desember.
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að færa 2,5 milljónir af launafjárveitingu Bangsakots (04-10) yfir á launaliði Kríubóls (04-12).
- 7) Minnispunktar bæjarstjóra.
 - a) Bæjarstjóri fór yfir málefni slökkviliðsins.
 - b) Bæjarstjóri fór yfir starfsmannamál.
 - c) Farið var yfir fjárhag fyrstu 10 mánaða ársins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:46




Kristjana Hermannsdóttir




Kristín Björg Árnadóttir



Fríða Sveinsdóttir



Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Lilja Ólafardóttir, bæjarritari